

Lýsigögn fyrir raungengi

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Raungengi íslensku krónunnar

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla, Hagfræði og peningastefna.

Tilgangur

Gögnunum er safnað í því skyni að fylgjast með þróun raungengis íslensku krónunnar. Seðlabankinn nýtir gögnin jafnframt í starfsemi sinni.

Heimildir

Útreikningarnir byggjast á gögnum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og hagstofum einstakra landa um þróun verðlags og launakostnaðar viðskiptalanda. Spár eru frá OECD. Upplýsingar um þróun verðlags og launakostnaðar á Íslandi koma frá Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands. Gengi íslensku krónunnar er samkvæmt opinberri gengisskráningu Seðlabanka Íslands.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019](#), 32. gr. í kafla IX.

2. Aðferðafræði

Úrvinnsla

Úrvinnsla gagna fer fram á Hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabanka Íslands og er aðferðafræði í samræmi við birtingu raungengis í ársfjórðungslegu þjóðhagslíkani bankans ([QMM](#)).

Hugtök og skilgreiningar

Raungengi er skilgreint sem hlutfallsleg þróun verðlags eða launakostnaðar á framleidda einingu í heimalandi annars vegar og viðskipalöndunum hins vegar frá tilteknu grunnári og mælt í sama gjaldmiðli og birt sem vísitala.

Hlutfallslegt neysluverð er skilgreint sem neysluverð á Íslandi í hlutfalli við neysluverð erlendis, reiknað í sömu mynt.

Hlutfallslegur launakostnaður er skilgreindur sem launakostnaður á framleidda einingu á Íslandi í hlutfalli við launakostnað á framleidda einingu erlendis, reiknað í sömu mynt.

3. Áreiðanleiki gagna

Gögn byggjast á opinberri gengisskráningu og neysluverðsvísitölum/vísitölum launakostnaðar á framleidda einingu fyrir Ísland og helstu viðskiptalönd Íslands samkvæmt vægi þeirra í utanríkisviðskiptum (þröngri viðskiptavog). Opinber birting gengis- og neysluverðsvísitalna er endanleg birting en vísitölur launakostnaðar á framleidda einingu taka jafnan breytingum sögulega í samræmi við endurskoðun á þjóðhagsreikningum Íslands og viðskiptalandanna. Stundum þarf að áætla gögn frá viðskiptalöndum þar sem þau hafa ekki borist í tæka tíð. Nýjustu tölur eru því bráðabirgðamat.

4. Endurskoðun gagna

Raungengið er endurreiknað þegar ný gögn varðandi þróun verðlags og launakostnaðar á framleidda einingu í helstu viðskiptalöndum Íslands berast. Útreikningar á raungengi eru uppfærðir mánaðarlega til þess að taka inn breytingar jafn óðum og þær berast.

5. Birting

Birting er einu sinni í byrjun hvers mánaðar á [hagtölusíðu Seðlabankans](#). Birtingaráætlun má sjá [hér](#). Raungengi er einnig birt ársfjórðungslega í [Peningamálum](#) og gagnagrunni þjóðhagslíkansins (QMM) og árlega í [Ársskýrslu Seðlabankans](#).

Grunnár vísitölu raungengis er 2005 (ársmeðaltal 2005 = 100). Vísitölur raungengis eru annars vegar miðaðar við hlutfallslegt neysluverð og hins vegar hlutfallslegan launakostnað. Birt eru mánaðar-, ársfjórðungs- og árleg gögn aftur til ársins 1980 fyrir raungengi m.v. hlutfallslegt verðlag en ársfjórðungs- og árleg gögn aftur til ársins 1991 fyrir raungengi m.v. hlutfallslegan launakostnað.

6. Annað

Undir „Annað tengt efni“ eru tilvísanir í greinarskrif um raungengi íslensku krónunnar sem birst hafa í útgáfum bankans og gögn yfir raungengi m.v. hlutfallslegan launakostnað frá árinu 1980 til 1991 skv. eldri aðferðafræði á árlegum grunni ársins 2000.